




# Ferðapjónusta á Íslandi

Þróun fjárfestingar og reksturs



the 1990s, the number of people in the UK who are employed in the public sector has increased from 10.5 million to 12.5 million, and the number of people in the public sector who are employed in the health sector has increased from 2.5 million to 3.5 million (Department of Health 2000).

There are a number of reasons for this increase in the number of people employed in the public sector. One of the main reasons is the increasing demand for public services, particularly in the health sector. The population of the UK is increasing, and the number of people who are aged 65 and over is increasing rapidly. This has led to an increase in the number of people who are employed in the health sector, particularly in the areas of nursing and social care.

Another reason for the increase in the number of people employed in the public sector is the increasing demand for public services in other areas, such as education and social services. The number of people who are employed in the education sector has increased from 1.5 million in 1990 to 2.5 million in 2000, and the number of people who are employed in the social services sector has increased from 0.5 million in 1990 to 1.5 million in 2000.

There are a number of reasons for this increase in the number of people employed in the public sector. One of the main reasons is the increasing demand for public services, particularly in the health sector. The population of the UK is increasing, and the number of people who are aged 65 and over is increasing rapidly. This has led to an increase in the number of people who are employed in the health sector, particularly in the areas of nursing and social care.

Another reason for the increase in the number of people employed in the public sector is the increasing demand for public services in other areas, such as education and social services. The number of people who are employed in the education sector has increased from 1.5 million in 1990 to 2.5 million in 2000, and the number of people who are employed in the social services sector has increased from 0.5 million in 1990 to 1.5 million in 2000.

There are a number of reasons for this increase in the number of people employed in the public sector. One of the main reasons is the increasing demand for public services, particularly in the health sector. The population of the UK is increasing, and the number of people who are aged 65 and over is increasing rapidly. This has led to an increase in the number of people who are employed in the health sector, particularly in the areas of nursing and social care.

Another reason for the increase in the number of people employed in the public sector is the increasing demand for public services in other areas, such as education and social services. The number of people who are employed in the education sector has increased from 1.5 million in 1990 to 2.5 million in 2000, and the number of people who are employed in the social services sector has increased from 0.5 million in 1990 to 1.5 million in 2000.

There are a number of reasons for this increase in the number of people employed in the public sector. One of the main reasons is the increasing demand for public services, particularly in the health sector. The population of the UK is increasing, and the number of people who are aged 65 and over is increasing rapidly. This has led to an increase in the number of people who are employed in the health sector, particularly in the areas of nursing and social care.

Another reason for the increase in the number of people employed in the public sector is the increasing demand for public services in other areas, such as education and social services. The number of people who are employed in the education sector has increased from 1.5 million in 1990 to 2.5 million in 2000, and the number of people who are employed in the social services sector has increased from 0.5 million in 1990 to 1.5 million in 2000.

---

## Efnisyfirlit

---

Inngangur og samantekt .....	3
Fjárfestingar í ferðapjónustu .....	5
Þróun rekstrar í ferðapjónustu .....	17

---



# Inngangur og samantekt

---

**Árið 2011 var besta ár** í íslenskri ferðaþjónustu frá upphafi á flesta lykilmælikvarða. Met var slegið í komu erlendra ferðamanna til landsins og fjölda gistinguátta. Flest bendir einnig til þess að undirliggjandi rekstur íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja hafi aldrei skilað jafn miklu.

---

Ef ekki kemur til verulegt bakslag í alþjóðlega efnahagsþróun er útlit fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna á þessu ári. Meðalvöxtur í komu erlendra ferðamanna hingað til lands frá árinu 2005 hefur verið rúm 7% á ári á sama tíma og fjölgun ferðamanna í heiminum hefur verið að meðaltali um 3,5% og 2,2% í Evrópu samkvæmt Alþjóðaferðamálastofnuninni (e. World Tourism Organization). Fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi undanfarin ár hefur því verið mun meiri en í bæði Evrópu og heiminum í heild. Í ljósi þeirrar miklu athygli og landkynningar sem Ísland fékk í kjölfar eldgosanna 2010 og 2011 er líklegt að fjölgun ferðamanna verði áfram tiltölulega hröð á komandi árum að öðru óbreyttu.

Ferðaþjónusta er ekki skilgreind sem sérstök atvinnugrein í þjóðhagsreikningum enda samanstendur hún af fjölmörgum atvinnugreinum sem flestar hverjar þjóna jafnt ferðamönnum sem öðrum. Það er því ekki einfalt að einangra ferðaþjónustuhluta hinna ýmsu atvinnugreina. Í þessu riti, sem skiptist að meginefni í tvennt, er gerð tilraun til að leggja annars vegar mat á þróun fjárfestinga einkaaðila og hins opinbera í ferðaþjónustu og þeim innviðum sem hún reiðir sig á, og hins vegar þróun í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja. Inn í það fléttast svo umfjöllun um menntun í ferðaþjónustugreinum, þróun á umfangi greinarinnar og fjölgun ferðamanna.

## Þriðja stoðin í útflutningi

Ferðaþjónustan er þriðji stærsti einstaki útflutningsliður landsins á eftir sjávarútvegi og áli. Í því sambandi hefur hún stundum verið nefnd þriðja stoðin þótt umfang hennar í gjaldeyrisóflun þjóðarbúsins standi enn nokkuð að baki sjávarútvegi og áli. Útflutningur íslenskrar ferðaþjónustu nam tæpum 68 ma. kr. árið 2010 en til samanburðar nam útflutningur sjávarafurða rúmum 220 ma. kr. og útflutningur á áli 222 ma. kr. Hagstofan hefur birt tölur um útflutningstekjur ferðaþjónustu fyrir fyrstu þrjá fjórðunga ársins 2011 og námu þær rúmum 70 ma. kr. Þrátt fyrir að enn eigi eftir að reikna inn tekjur fyrir síðasta fjórðung ársins er ljóst að útflutningstekjurnar árið 2011 voru nokkuð meiri en árið 2010

enda varð veruleg fjölgun á komu ferðamanna milli ára. Hlutdeild ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu hefur aukist úr 5,1% árið 2000 í 5,9% árið 2009. Á þensluárunum 2005 til 2008 lækkaði hlutfallið hinsvegar og var á bilinu 4,4% til 4,8%, en tók síðan stökk á milli árána 2008 og 2009. Vöxtur landsframleiðslunnar frá 2000 til 2009 hefur verið að meðaltali 2,8% á sama tíma og umfang ferðaþjónustunnar hefur vaxið að meðaltali um 4,6% á tímabilinu.

Vöxtur og viðgangur ferðaþjónustu skiptir þjóðarbúið töluverðu máli í ljósi fábreytni vöruútflutningsgreina hagkerfisins. Útflutningur á áli og sjávarafurðum stendur á bak við hátt hlutfall af heildarútflutningi þjóðarbúsins. Það er því berskjaldaðra gagnvart neikvæðri þróun í þessum greinum, svo sem verðlækkunum á heimsmarkaði. Því væri æskilegt ef vægi annarra greina í heildarútflutningi ykist hlutfallslega á kostnað álframleiðslu og sjávarútvegs. Vöxtur þessara tveggja greina hér á landi er háður verulegum takmörkunum, bæði frá náttúrunnar hendi og vegna fjárfestingartengdra þátta. Aukin framleiðsla krefst tíma og mikillar fjárfestingar. Þetta á sérstaklega við um álframleiðsluna. Öðru máli gegnir hins vegar um ferðaþjónustuna sem býr við töluverða vaxtarmögleika. Verði fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands

með sama hætti og verið hefur undanfarin ár er ljóst að vægi íslenskrar ferðaþjónustu í gjaldeyrisöflun landsins mun aukast enn frá því sem nú er.

---

### Samdráttur í fjárfestingu í ferðaþjónustu

---

Tölur yfir fjárfestingu atvinnugreinaflokka sem eru háðir ferðamannafjölda hér á landi benda til þess að nokkur samdráttur hafi orðið í fjárfestingu í ferðaþjónustu árin 2009 og 2010. Sé litið framhjá fjárfestingu í flugsamgöngum, sem er mjög sveiflukennður liður, hefur fjárfesting í ferðaþjónustu á föstu verði árin 2009 og 2010 aldrei verið jafn lág svo langt aftur sem gögnin ná (1990). Þetta lága fjárfestingarstig einskorðast þó ekki við ferðaþjónustuna því heildarfjármunamyndun í hagkerfinu, sem hlutfall af landsframleiðslu, hefur verið í sögulegu lágmarki

undanfarin tvö ár. Ljóst er að ferðaþjónustan, rétt eins og aðrar greinar, þarf að halda ákveðnu fjárfestingarstigi til lengri tíma litið svo að tekjustreymi sé viðhaldið eftir því sem vélar, fasteignir og tæki ganga úr sér. Vísbendingar eru um að fjárfesting ferðaþjónustunnar hafi verið meiri árið 2011 en árið á undan. Þannig fjárfesti Icelandair t.a.m. í flugvélum fyrir um 3,8 ma. kr. á síðasta ári og í máli forsvarsmanna Samtaka ferðaþjónustunnar hefur komið fram að mikill vöxtur hafi verið í starfsemi bílaleiga á síðasta ári og fjárfest hafi verið í bílaflota fyrir um 4,5 ma. kr. á árinu.

---

### Afkoma ferðaþjónustufyrirtækja vænkaðist í kjölfar veikingar krónunnar

---

Gengisfallið árið 2008 leiddi til mikillar aukningar á skuldum margra íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja

sem höfðu lán í erlendum myntum. Þar á móti hefur gengisfall íslensku krónunnar haft töluverð áhrif á kauphegðun erlendra ferðamanna hér á landi enda hefur kaupmáttur þeirra í íslenskum krónum vaxið samfara. Það hefur leitt af sér töluverða aukningu í neyslu meðalferðamannsins hér á landi frá því sem var fyrir bankahrún. Sú þróun hefur aftur haft jákvæð áhrif á undirliggjandi rekstur íslenskrar ferðaþjónustu og hefur rekstrarhagnaður greinarinnar að undanskildum afskriftum vaxið meira en sem nemur vexti skulda frá því fyrir árið 2008. Geta greinarinnar til að standa undir arðsemiskröfu þess fjármagns sem bundið er í greininni hefur því batnað.

# Fjárfestingar í ferðaþjónustu

**Öfugt við hinar** lykilútflutningsgreinar landsins; sjávarútveg og álframleiðslu, er ekki með öllu einfalt að ná utan um ferðaþjónustugreinina sem heild. Til þess er hún of samofin mörgum öðrum atvinnugreinum.

T.d. eru mörg fyrirtæki háð tekjum frá innlendum sem erlendum ferðamönnum án þess að flokka sig sem ferðaþjónustufyrirtæki. Að sama skapi eru fyrirtæki eins og veitingastaðir oft flokkuð með ferðaþjónustu þó að umtalsverður hluti tekna margra þeirra komi til frá öðrum en ferðamönnum.

Ferðaþjónusta er að mörgu leyti frábrugðin hefðbundnum framleiðslugreinum. Sem dæmi er hægt að neyta flestra vara hvar sem er á meðan ferðaþjónusta er jafnan bundin við landfræðilega staðsetningu. Fjárfestingar einkaaðila í greininni felast fyrst og fremst í gistirými og tækjum til farþegaflutninga. Því er það fjármagn sem bundið er hjá einkaaðilum í íslenskrari ferðaþjónustu einkum í formi hótela og gistiaðstöðu annars vegar og hins vegar hvers kyns tækja til ferðalaga, s.s. bílaleigu-bílum, rútum, flugvélum,

bátum, o.s.frv. Fjárfestingar í gistirými og tækjum til farþegaflutninga eru þó ekki einu fjárfestingarnar sem skipta greinina máli. Ferðaþjónusta er mjög háð ýmsum fjárfestingum hins opinbera t.d. í samgöngumálum. Eins hefur aðkoma ríkisins að fjármögnun markaðsstarfs Íslandsstofu og að markaðsherferðum eins og „Inspired by Iceland“ haft jákvæð áhrif á fjölgun ferðamanna. Einnig leggur ríkissjóður fé til reksturs Ferðamálastofu og fleiri aðila sem styðja við ferðaþjónustu í landinu. Ekki má heldur gleyma fjárfestingu í menntun í ferðaþjónustugreinum sem vafalaust skilar sér í aukinni fagmennsku, þekkingu og arðsemi seinna meir.

## Fjárfesting einkaaðila lítil eftir hrun

Tölur yfir fjárfestingu einkaaðila í ferðaþjónustu


liggja ekki á lausu. Í tölum Hagstofunnar má finna þróun á fjárfestingu í fjórum atvinnugreinaflokkum sem er háðir fjölda ferðamanna. Þessar tölur gefa þó ekki heildstæða mynd af fjárfestingu í ferðaþjónustu en ættu samt að gefa ágæta vísbendingu um þróunina. Þessir flokkar eru; 1) hótél- og veitingastaðir, 2) flugsamgöngur, 3) flutningaþjónusta, ferðaskrifstofur og flutningamiðlun og 4) flugvellir. Talsverðar sviptingar hafa verið í samanlagðri fjárfestingu þessara flokka á síðustu árum. Fjárfestingin var nokkuð stöðug árin 1998 til 2003. Í kjölfarið tók hún að vaxa og náði hámarki árið 2006 í 41,3 ma. kr.<sup>1</sup> Þá hófst töluvert samdráttarskeið og hefur fjárfesting verið fremur lág eða jafnvel neikvæð frá og með árinu 2007. Fjárfesting í flokknum flugsamgöngur sker sig nokkuð frá hinum flokkunum þremur að því

leyti að þar getur hún orðið neikvæð. Það gerist þegar flugvélar, sem falla undir þennan flokk, eru seldar úr landi. Miklar sveiflur hafa verið á þessum lið á síðustu árum og skýra þær að miklu leyti þær breytingar sem orðið hafa í heildarfjárfestingu þessara fjögurra flokka á síðustu árum. Því getur verið gagnlegt að skoða einnig heildarfjárfestinguna án flugsamgangna. Þá má sjá að fjárfestingarstigið árin 2009 og 2010 hefur ekki verið lægra svo langt aftur sem gögnin ná, þ.e. aftur til ársins 1990. Þróunin síðustu ár hefur verið í samræmi við þróun atvinnuvega-fjárfestingar hér á landi. Þannig var heildarfjárfesting atvinnuveganna rúmum 67 ma. kr. bæði árin 2009 og 2010 og hafði þá ekki mælst lægri síðan árið 1996. Til samanburðar nam meðalfjárfesting atvinnuveganna 185 ma. kr. árin 2004 til 2008.

1) Tölur um þróun fjárfestingar í þessum hluta eru á föstu verðlagi, miðað við verðlag ársins 2005.

## Mynd 1: Fjárfestingar í ferðaþjónustu

Heimild: Hagstofa Íslands  
Á föstu verðlagi ársins 2005



### Miklar væntingarnar á árunum 2005-2007

Árin 2005 til 2007 voru metár í fjárfestingu í þessum fjórum atvinnugreina-flokkum en á þessum árum var mikil þensla í hagkerfinu og væntingar í hámarki. Árið 2005 náði fjárfesting í hótél- og veitingahúsarekstri hámarki og nam þá 4,6 ma. kr. Árið 2006 var metár í fjárfestingu í liðunum flugsamgöngur og flugvellir. Fjárfesting í síðarnefnda flokknum nam þá 4,2 ma. kr., en þá stóðu m.a. yfir framkvæmdir við Leifstöð. Árið eftir nam fjárfesting í flokknum flutningaþjónusta, starfsemi ferðaskrifstofa og flutningamiðlun 9,1 ma. kr. sem er met svo langt aftur sem gögnin ná (1990).


Ekki eru komnar tölur yfir samanlagða fjárfestingu þessara fjögurra flokka fyrir árið 2011 en sterkar vísbendingar eru um að fjárfesting í ferðaþjónustutengdum greinum hafi á síðasta ári tekið nokkuð við sér miðað við árið á undan. Samkvæmt könnun Seðlabankans á fjárfestingaráformum fyrirtækja sem gerð var rétt eftir mitt síðasta ár stefndi í að fjárfesting í flutningum og ferðaþjónustu ykist um 85% milli árána 2010 og 2011. Á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar á síðasta ári kom fram að á hugmyndastigi eru framkvæmdir við uppbyggingu gistirýmis fyrir um 15 ma. kr. á næstu árum. Þar má nefna hugmyndir að nýju hóteli við Hörpu, heilsuhóteli við

Sigtún og hóteli í Aðalstræti. Á fundinum kom einnig fram að fjárfesting bílaleigu-fyrirtækja yrði um 4,5 ma. kr. á árinu. Þessu til viðbótar tilkynnti Icelandair á síðasta ári um kaup á tveimur flugvélum fyrir að andvirði 3,8 ma. kr.

### Nokkuð um „bakdyramegin-fjárfestingar“

Hluti af fjárfestingu í ferðaþjónustu kemur seint eða jafnvel aldrei inn í tölur yfir fjárfestingu í greininni. Það kann því að vera til staðar vanmat á fjárfestingu í greininni. Til að setja eitthvað nafn á þessa fjárfestingu mætti kalla hana „bakdyramegin-fjárfestingu“. Þarna er um að ræða fjár-

festingu sem er upphaflega ekki hugsuð til tekjuöflunar en verður það síðar. Hugsa má sér aðila sem vegna áhuga síns á jöklaferðum kaupir sér vel útbúinn fjallabíl til einkanota. Á einhverjum tímapunkti fer hann að taka að sér farþega sem greiða honum fyrir ferðina. Þegar einstaklingur kaupir sér fólksbíl/jeppa til einkanota flokkast það ekki sem fjárfesting í mælingum Hagstofunnar heldur einkaneysla. Kaup fyrirtækja á bíl er hins vegar flokkað sem fjárfesting. Svo lengi sem þessi einstaklingur selur fyrirtækinu sínu ekki bílinn sinn mælist engin fjárfesting. Í þessum tilfellum er því um að ræða vanmat á fjárfestingu í greininni. Svipuð dæmi þekkjast einnig



í byggingu gistiheimila. Mörg gistiheimili hafa t.d. upphaflega verið reist sem íbúðarhús. Með hlutfallslega litlum tilkostnaði hefur sumum þeirra verið breytt í gistiheimili. Fjárfestingin getur því í mörgum tilfellum mælst lítil þar sem grunnurinn hefur verið til staðar og einungis þurft að endurinnrétta húsið.

### Miklar árstíðasveiflur eru í fjölda ferðamanna

Töluverðar árstíðasveiflur eru í umsvifum ferðaþjónustunnar á Íslandi. Sama mynstur er vel þekkt í öðrum löndum, þ.e. fjöldi ferðamanna er mestur yfir sumartímenn en svo dregur úr honum á öðrum tímum

ársins. Árstíðasveiflurnar eru þó nokkuð meiri hér á landi en að meðaltali í heiminum. Árið 2011 var fjöldi erlendra ferðamanna í júlí og ágúst hér á landi að meðaltali þrefalt meiri en aðra mánuði ársins. Samkvæmt tölum Alþjóðaferðamálastofnunarinnar er heildarfjöldi ferðamanna í heiminum að jafnaði 50% meiri yfir sumarmánuðina en aðra mánuði ársins.


Þessar miklu árstíðasveiflur hafa í för með sér að nýtingin á fjármagni í ferðaþjónustu er lakari en ella. Þannig er fjármagnið í greininni víða illa nýtt yfir dimmustu vetrarmánuðina en yfir hásumarið dugar það í sumum tilfellum ekki til að sinna allri eftirspurninni.

Að sama skapi nýtist vinnuaflið illa yfir árið í heild og því er vel þekkt að starfsmenn í ferðaþjónustu hafi annan starfa yfir vetrarmánuðina.

### Mikilvægt að draga að erlenda ferðamenn utan háannatímans

Ein stærsta áskorunin í íslenskri ferðaþjónustu er að draga úr árstíðarsveiflu í komu ferðamanna hingað til lands. Það verður ekki gert nema með því að auka fjölda ferðamanna utan háannatímans. Dæmi um vel heppnaðan viðburð sem hefur átt sinn þátt í að laða hingað erlenda ferðamenn utan háannatímans er Airwaves-tónlistarhátíðin sem haldin

er í októbermánuði ár hvert. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar gerði úttekt á umfangi hátíðarinnar árið 2011. Samkvæmt henni jókst velta hátíðarinnar um 54% milli ára og áætlað er að heildarútgjöld erlendra ferðamanna á hátíðinni 2011 hafi numið um hálfum milljarði króna.



### Gistinýting háð staðsetningu

Staðsetning getur haft talsverð áhrif á arðsemismöguleika ferðaþjónustufyrirtækja. Þannig ættu ferðaþjónustufyrirtæki eins og hótél og veitingastaðir sem staðsett eru nálægt vinsælum áfangastöðum að eiga auðveldara með að notfæra sér þá til tekjuöflunar en önnur. En vitanlega spila þar fleiri þættir inn í. Nýting á gistirými getur hinsvegar gefið ágætis vísbendingu um hvar mögulega kunna að vera vaxtartækifæri og eins hvort stefni í offjárfestingu og offramboð á öðrum svæðum.

Heildarnýting gistirýmis á landinu í heild er yfir meðaltali helstu ferðamannalanda í Evrópu. Árið 2006 var til að mynda meðalnýting 27 Evrópulanda um 36% en 47% á Íslandi. Nýting á gistirými er hinsvegar mjög

mismunandi eftir landsvæðum hér innanlands. Þannig hefur nýtingin á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum verið betri en á öðrum svæðum landsins á árunum 2000 til 2010. Það er hinsvegar athyglisvert að dregið hefur úr nýtingu gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum meðan nýtingarhlutfallið hefur aukist, eða staðið í stað, annars staðar. Þróunin bendir til að fjölgun gistirýma á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hafi verið umfram fjölgun ferðamanna meðan uppbygging gistirýmis annars staðar hefur verið meira í takt við fjölgun ferðamanna.

### Fjárfestingar hins opinbera í samgöngukerfinu mikilvægar

Beinar fjárfestingar hins opinbera í ferðaþjónustu hafa verið hverfandi síðustu ár.

Fjárfestingar hins opinbera í innviðum landsins eru íslenskri ferðaþjónustu hins vegar mjög mikilvægar. Þar er m.a. um að ræða fjárfestingar í vega- og samgöngukerfi landsins. Ljóst er að án þeirra myndi íslensk ferðaþjónusta illa þrífast. Samgöngur á landi yfir vetrartímann eru oft erfiðar m.a. vegna fannfergis, ísingar og veðurs. Það gerir markmið íslenskrar ferðaþjónustu að fjölga erlendum ferðamönnum hér á landi yfir veturinn ekki auðsóttara. Ein leið fyrir hið opinbera til að stuðla að fjölgun erlendra ferðamanna yfir vetrarmánuðina væri því að veita meira fé til samgangna og vetrarþjónustu á vegum umhverfis vinsælustu áfangastaði erlendra ferðamanna.


Með hruni fjármálakerfisins hér á landi og þeirri miklu skuldaaukningu sem það hafði í för með sér fyrir hið opinbera hefur það þurft

að draga saman seglin. Það hefur síðan komið niður á fjárfestingarstigi hins opinbera. Frá árinu 2008, sem var metár í fjárfestingu hins opinbera, til 2010 hefur heildarfjárfesting dregist saman um þriðjung. Fjárfesting í vegasamgöngum hefur dregist saman um tæplega helming á sama tímabili og því hefur hún sem hlutfall af heildarfjárfestingu hins opinbera dregist saman milli þessara tímabila.

Af fjárfestingarfé hins opinbera til samgöngumála fer stærsti hlutinn í vegasamgöngur en hlutfallið hefur verið á bilinu 90 til 99% síðustu 12 ár. Aðrar fjárfestingar liggja í sjó-, vatns- og flugsamgöngum.


#### Mynd 4: Fjárfestingar hins opinbera í vegasamgöngum og umhverfisvernd

Heimild: Hagstofa Íslands.  
Á verðlagi hvers árs



#### Mynd 5: Skráðir nemendur og útskrifaðir í ferðamálafræði

Heimild: Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Menntaskólinn í Kópavogi



## Harpa og Íslandsstofa

Aðrar fjárfestingar hins opinbera sem eiga þátt í að draga hingað erlenda ferðamenn eru fjárfestingar í menningartengdri starfsemi. Nýlegt dæmi af slíku er aðkoma opinberra aðila að byggingu og rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu sem mun vonandi hafa jákvæð áhrif á ferðamannastraum hingað til lands á næstu árum.

Hið opinbera hefur einnig stuðlað að fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi eftir öðrum leiðum. Íslandsstofa var sett á laggirnar árið 2010 og hefur hún það m.a. að markmiði að efla ímynd og kynna menningu Íslands erlendis og laða hingað ferðamenn. Á fjárlögum ársins 2011 var gert ráð fyrir að um 400 milljónir króna færu til reksturs Íslandsstofu.

Þá réðist ríkisstjórnin í markaðsáttak í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli undir nafninu „Inspired by Iceland“ og var kostnaðurinn við það verkefni um 700 milljónir króna.

### Umhverfisvernd mikilvæg fyrir mesta aðdráttarafl landsins

Annar angi af fjárfestingu hins opinbera sem skiptir einnig máli fyrir íslenska ferðaþjónustu er fjárfesting í umhverfisvernd. Langmesta aðdráttarafl Íslands skv. könnunum Ferðamálastofu er náttúra Íslands. Fjórir af hverjum fimm ferðamönnum segja náttúru Íslands hafa haft áhrif á ákvörðun þeirra að koma til landsins. Sá þáttur sem kemur næstur á eftir náttúru Íslands er íslensk menning og saga, en um þriðjungur erlendra

ferðamanna segja þann þátt hafa haft áhrif á ákvörðun um ferðalag hingað til lands. Fjárfesting hins opinbera í umhverfisvernd hefur aukist töluvert á síðustu árum. Það er athyglisvert að sjá að erfð skuldastaða ríkissjóðs virðist ekki hafa komið niður á útgjöldum til umhverfisverndar nema síður sé.

### Menntun skilar arði


Tilgangur fjárfestinga er almennt séð að viðhalda eða auka arðsemi fyrir-tækja. Fjárfesting í fasta-fjármunum er þó ekki það eina sem skilar fyrirtækjum tekjuauka. Fjárfesting í menntun gerir það allajafna líka í formi bættrar þekkingar og hæfara starfsfólks. Ferðamálafræði er kennd við þrjá viðurkennda skóla hér á landi: Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og


Menntaskólann í Kópavogi. Auk þess bjóða nokkrir aðrir aðilar upp á nám sem tengist ferðamálafræðum en það er gjarnan styttra nám. Til viðbótar við ásókn í ferðamálafræði hér á landi hefur fjöldi Íslendinga sótt sér menntun í hótélrekstri og öðrum ferðatengdum greinum erlendis.

Ef litið er á þróun menntunar í ferðamálafræðum má sjá nokkra aukningu á síðustu árum í fjölda skráðra nemenda og sérstaklega má greina talsvert stökk árið 2009. Fjöldi útskrifaðra dróst hins vegar saman milli áranna 2008 og 2009 en hefur aftur náð sér á strik árið 2011. Miðað við þá aukningu sem orðið hefur í skráðum fjölda nemenda má gera ráð fyrir að fjöldi útskrifaðra muni aukast nokkuð á næstu árum.

Mynd 6: Vöxtur skatttekna innan ferðaþjónustunnar

Heimild: Hagstofa Íslands. Heildarvöxtur skatttekna milli 2000 og 2009





### Umfang íslenskrar ferðaþjónustu vex sífellt

Umfang íslenskrar ferðaþjónustu hefur aukist með fjölgun ferðamanna hingað til lands á síðustu árum. Einnig hefur eðli ferðaþjónustunnar sífellt færst í átt til aukinnar þjónustu. Áður fyrr fólst íslensk ferðaþjónusta nær eingöngu í því að veita ferðamanninum húsaskjól og ferja hann á milli staða. Á síðustu árum hefur hinsvegar orðið sprenging í framboði á fjölbreyttri afþreyingu og ferðum.

Það sem m.a. stóð afþreyingartengdri ferðaþjónustu fyrir þrífum hérlendis á árum áður var einfaldlega fæð ferðamanna. Það þarf oftast nær ákveðinn fjölda viðskiptavina svo rekstur standi undir sér og með fjölgun ferðamanna hefur

skapast rekstrargrundvöllur fyrir ýmsa þjónustu sem bar sig ekki áður.

### Mesti vöxturinn í afþreyingu og tómstundastarfsemi

Í dag er einna mesti vöxturinn í afþreyingu og tómstundastarfsemi sé litið til mismunandi atvinnugeira innan ferðaþjónustunnar. Þannig hefur fjöldi fólks starfandi í þeim geira rúmlega tvöfaldast milli árána 2000 og 2009, á sama tíma og störfum fjölgaði um 7% í hagkerfinu í heild. Fækkun hefur hinsvegar orðið í fjölda starfandi í farþegaflutningum og hjá ferðaskrifstofum. Umfangið í afþreyingu og tómstundastarfsemi innan ferðaþjónustunnar hefur vaxið enn meira sé litið til skatttekna en þær gefa betri

mynd af þróun á umfangi rekstrar en fjöldi starfandi. Skatttekjurnar hafa fimmfaldast á þessu tímabili. Til samanburðar hafa skatttekjur í ferðaþjónustu alls aukist um 86%.

Ferðir sem farnar eru með ferðamenn gera flestar út á helsta aðdráttarafl landsins, íslenska náttúru. Það er einnig vinsælasta afþreying erlendra ferðamanna hér á landi en rúmlega 80% þeirra fara í náttúruskoðun af einhverju tagi. Ein vinsælasta afþreyingin er ferð í Bláa lónið en árið 2008 er áætlað að um 408 þúsund erlendir gestir hafi heimsótt staðinn. Það ár komu um 472 þúsund ferðamenn hingað til lands og því er mjög hátt hlutfall ferðamanna sem gera sér ferð á þennan vinsæla baðstað. Nokkur uppgangur hefur verið í hvalaskoðun


frá því hún hófst í kringum árið 1995 og vöxturinn verið fremur stöðugur. Á árinu 2011 fóru um 125.000 manns í hvalaskoðun á landinu öllu.<sup>2</sup> Rúmlega 100% aukning hefur verið í hvalaskoðun síðastliðin 10 ár og um 8% aukning milli árána 2010 og 2011.

Hægt er að skipta afþreyingu fyrir ferðamenn upp í ódýrari afþreyingu annars vegar og dýrari hinsvegar. Ódýrir kostir eru ferðir á borð við hvalaskoðun, Bláa lónið, Gullna hringinn, styttri hestaferðir, fjór- hjólaferðir o.þ.h. Þeim sem hafa meira á milli handanna standa ýmsir aðrir möguleikar til boða, s.s. lengri ferðir með leiðsögumönnum, hvort sem er á jeppa, hestbaki eða tveimur jafnfljótum.

2) Samkvæmt áætlun Hvalaskoðunarfélagsins.


Mynd 8: Erlendir gestir til Íslands

Heimild: Ferðamálastofa



Mynd 9: Fjöldi ferðamanna

Heimild: Alþjóða ferðamálastofnunin, Ferðamálastofa



---

## Töluverð aukning í ævintýraferðum

---

Töluverð aukning hefur orðið í ævintýraferðum hér á landi undanfarin ár. Frá árinu 2007 hefur vöxturinn verið um 20 til 40% á ári. Kannanir Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna sem hingað koma benda til þess að langflestir koma með maka, vinnufélögum eða vinum, en án barna. Þetta síðasttalda bendir til þess að erlendir ferðamenn séu að sækjast eftir upplifun og ævintýraferðum eins og flúðasiglingum, köfun, fjór- hjólaferðum o.s.frv.

---

## Þróun og horfur í fjölda ferðamanna

---

Frá 1950 til ársins 2010 jókst fjöldi ferðamanna hingað til lands um 7,7% á ári að jafnaði. Slíkur vöxtur samsvarar tvöföldun á tæplega 10 ára fresti. Lítið virðist hafa dregið úr vextinum á síðustu árum og ef horft er til erlendra gesta um Leifsstöð hefur vöxturinn verið að meðaltali 7,3% frá 2003 til 2011. Nokkurt hlé varð á vextinum árin 2009 og 2010 og má líklega rekja það að

stærstu leyti til annars vegar alþjóðlegu fjármálakrisunnar, sem náði hámarki á árinu 2009, og hins vegar eldgosanna hér á landi árið 2010. Vöxturinn tók hins vegar stökk milli árána 2010 og 2011 og mældist fjölgun ferðamanna um Leifsstöð 17,8%. Leita þarf aftur til árána 1969 og 1970 til að finna álíka vöxt milli ára.

Frá árinu 2005 til 2011 hefur fjölgun ferðamanna hér á landi verið nokkru meiri, hvort sem lítið er til Evrópu eða heimsins alls. Þannig hefur heildarfjöldi ferðamanna til landsins aukist um 50% á tímabilinu. Á sama tíma nam aukningin um 14% í Evrópu og 23% í heiminum skv. tölum frá Alþjóðaferðamálastofnuninni.

---

## Árferði í heimsbúskapnum hefur áhrif á ferðamennsku

---


Breytingar í komum ferðamanna hingað til lands hafa þó eðlilega sveiflast eftir árferði í heimsbúskapnum. Þannig hafa töluverð tengsl verið á milli hagvaxtar í helstu viðskiptalöndunum og fjölgun ferðamanna

hér á landi á sama tíma. Aukinn hagvöxtur í þessum löndum hefur skilað sér í hlutfallslega meiri fjölgun hér á landi. Með viðskiptalöndunum er átt við Þjóðerni þeirra ferðamanna sem sækja hingað mest. Nýjustu hagvaxtarspár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) fyrir viðskiptalöndin gera ráð fyrir hagvexti á bilinu 1,5% til 1,9% árin 2011 til 2014 en þessi hagvöxtur er veginn með hlutfalli Þjóðernis þeirra Þjóða sem sækja landið heim. Óvissan í heimsbúskapnum er þó meiri nú en oft áður og því ber að taka þessari spá með ákveðinni varúð. Þannig kunna vandræðin, sem skapast hafa vegna skuldavanda nokkura jadharríkja Evrópu, að magnast. Það gæti leitt til efnahagslægðar í Evrópu á næstu árum og jafnvel djúprar kreppu. Áhrifa slíkrar kreppu yrði án efa vart hér á landi sem og í löndum utan Evrópu. Verði niðursveifla í heimsbúskapnum líkt og varð hér árið 2009 má gera ráð fyrir að áhrifin á íslenska ferðapjónustu verði með svipuðum hætti og þá varð að öðru óbreyttu.

Kannanir sem Ferðamálastofa hefur látið gera meðal erlendra ferðamanna sem hingað hafa komið benda til þess að ferðir hingað til lands hafi í 97% tilfella uppfyllt væntingar ferðamanna að mestu eða öllu leyti. Annað sem kannanir hafa sýnt er að ferðamenn sem hingað koma ætla í 90% tilfella að koma hingað aftur. Svo hátt hlutfall styrkir rekstrargrundvöll íslenskrar ferðapjónustu til lengri tíma lítið enda mikilvægi þess að fá viðskiptavinina aftur og aftur alþekkt. Eins hefur Ferðamálastofa látið gera kannanir meðal erlendra ferðamanna á því hvað þeim finnst neikvæðast við Ísland sem ferðamannaland. Fyrir árið 2008 var hátt verð á vöru og þjónustu greinilega það sem var neikvæðast við upplifun erlendra ferðamanna hér á landi. Með falli krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur kaupmáttur útlendinga hér á landi hinsvegar aukist mikið sem draga ætti úr neikvæðri upplifun ferðamanna á verðlagi hér á landi.

### Mynd 10: Hagvöxtur í viðskiptalöndum og fjölgun ferðamanna milli ára

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS), Hagfræðideild Landsbankans. Hagvöxturinn er veginn með hlutfalli þjóðernis þeirra landa sem sækja landið heim. Tölur fyrir 2011-2014 er spá AGS.



### Mynd 11: Meðalneysla erlendra ferðamanna

Heimild: Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans. Myndin sýnir vísitölu meðalneyslu erlends ferðamanns í krónum á föstu gengi (12 mánaða hlaupandi meðaltal). Fjöldi erlendra ferðamanna tekur mið af fjölda erlendra gesta um Leifstöð. Neysla er byggð á veltu erlendra greiðslukorta hér á landi.



---

## Ferðapjónusta í heiminum mun halda áfram að vaxa á næstu árum

Spár Alþjóðaferðamálastofnunarinnar fyrir næsta ár benda til þess að aukning ferðamanna í heiminum á þessu ári verði nokkuð hægari en 2011 eða á bilinu 3-4%. Gangi sú spá eftir verður fjöldi ferðamanna í heiminum kominn yfir einn milljarð. Spáin fyrir Evrópu gerir ráð fyrir 2-4% aukningu ferðamanna. Í heildina tekið bendir flest til þess að fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands muni verða með svipuðum hætti og verið hefur. Áfram er spáð

heildarvexti í ferðamennsku í heiminum og má búast við því að vöxtur hér á landi verði áfram umfram vöxt heimsmeðaltalsins. Ísland er nú ódýrari kostur en fyrir fall krónunnar og ætti það að renna styrkari stoðum undir áframhaldandi vöxt. Það eru hinsvegar blikur á lofti í heimsbúskapnum. Takist heimshagkerfinu að komast í gegnum þessa erfiðleika án teljandi áhrifa á hagvöxt ættu ferðapjónustufyrirtæki að geta verið nokkuð bjartsýn á þróun næstu ára.

---

## Erlendir ferðamenn neyta meira nú en áður

Við veikingu krónunnar jókst kaupmáttur útlendinga hér á landi verulega. Áhrifa aukins kaupmáttar útlendinga má greina í neysluhegðun þeirra hér á landi. Í kjölfar falls krónunnar mældist talsverð aukning í meðalneyslu hvers ferðamanns á föstu gengi. Meðalneysla var t.a.m. um 28% meiri 2010 en árið 2006, mælt á föstu gengi. Kannanir Ferðamálastofu hafa sýnt fram á að lítill hluti ferðamanna sem hingað kemur er með laun undir meðallaunum í heimalandinu. Það eru því aðallega

ferðamenn með meðaltekjur og yfir sem sækja landið heim. Samkvæmt samtölum Hagfræðideildar við aðila innan ferðapjónustunnar virðast dýrari ferðir vera að aukast í sölu til jafns við þær ódýrari. Því er ekki að sjá að meðalferðamaðurinn sem hingað kemur sé að spara sérstaklega við sig þegar kemur að upplifun hér á landi.



# Þróun rekstrar í ferðaþjónustu

**Rekstrarumhverfi** íslenskrar ferðaþjónustu hefur breyst mikið eftir hrun. Breytingin helgast einna mest af gengisfalli krónunnar.

Hagfræðideild Landsbankans hefur tekið saman rekstrartölur úr ársreikningum 317 fyrirtækja í ferðaþjónustu fyrir tímabilið 2005-2010. Gagna var aflað úr ársreikningagrunni Lánsstrausts og eru upplýsingarnar meðhöndlaðar með þeim hætti að ekki er mögulegt að rekja upplýsingar úr niðurstöðunum til einstakra fyrirtækja. Sammerkt með þessum fyrirtækjum er að vera öll ÍSAT-flokkuð undir atvinnugreinar sem tengjast ferðaþjónustu. Til einföldunar eru ÍSAT-flokkar dregnir saman eftir eðli þeirra í fimm meginflokka. Eftir verða atvinnugreinaflokk-

arnir þessir: 1) farþegaflutningar, 2) gisting, 3) ferðaskipuleggjendur, 4) ferðaskrifstofur og 5) leiga á bifreiðum og léttum ökutækjum. Í greiningunni eru dregnar ályktanir af úrtakinu um ferðaþjónustuna í heild enda er um nokkuð stórt úrtak að ræða sem ætti að gefa nokkuð góða vísendingu um þróun rekstrar í íslenskri ferðaþjónustu á tímabilinu. Þeir fimm flokkar sem skoðaðir voru ættu einnig að ná nokkuð vel utan um helstu geira ferðaþjónustunnar en vitanlega takmarkast ferðaþjónusta ekki eingöngu við þá.

## EBITDA eykst um 80% eftir hrun

Heildarafkoma fyrirtækjanna í úrtakinu, áður en tekið er tillit til vaxta-greiðslna og vaxtatekna, skattgreiðslna og afskrifta (EBITDA), nam að meðaltali 13 ma. kr. árin 2009 og 2010 til samanburðar við 7,3 ma. kr. að meðaltali árin 2007 til 2008. Aukningin nemur því tæplega 80%. Aukning varð í öllum fimm fyrrgreindum flokkum milli þessara tímabila. Aukningin var minnst í gistingu eða 23% en mest í leigu á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum eða 234%. Hér er rétt að benda á að fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð jókst einungis um 0,2% á milli þessara tímabila. Það eru því líklega fyrst og fremst áhrif krónunnar sem skapa þennan bata í undirliggjandi rekstri.

Töluvert er af tiltölulega litlum fyrirtækjum í íslenskri ferðaþjónustu. Nokkur stór fyrirtæki eru þó margfalt stærri en meðal-

fyrirtækið. Þróun í EBITDA stóru fyrirtækjanna hefur því töluvert áhrif á þróun á heildar-EBITDA. Það að skoða einungis heildar-EBITDA kann því að gefa skakka mynd af rekstrarþróun hjá hinu hefðbundna ferðaþjónustufyrirtæki. Til að horfa framhjá áhrifum þessara stóru fyrirtækja er hægt að taka miðgildisþróunina, en miðgildi fæst með því að raða fyrirtækjunum í stærðarröð og taka það fyrirtæki sem er í miðju raðarinnar. Miðað við miðgildið var aukning í EBITDA milli annars vegar 2007 og 2008 og hins vegar 2009 og 2010 nokkuð minni eða 29%.<sup>3</sup> Það gefur vísendingu um að hlutfallslegur vöxtur í EBITDA stóru fyrirtækjanna hafi verið nokkuð meiri á þessu tímabili en hjá hinu hefðbundna ferðaþjónustufyrirtæki.

3) Reiknað var meðaltal EBITDA hjá hverju fyrirtæki, annars vegar á árunum 2007 og 2008, og hins vegar á tímabilinu 2009 og 2010. Reiknuð var breytingin á þessum tveimur mælikvörðum, fyrir hvert fyrirtæki, og miðgildi þeirra mælinga fundið.

## Úrtak ferðaþjónustufyrirtækja

Yfirflokkar	Fjöldi fyrirtækja	Heildarumfang efnahags 2010 (m. kr.)
Farþegaflutningar	73	44.335
Ferðaskipuleggjendur	43	1.888
Ferðaskrifstofur	44	5.834
Gisting	141	18.268
Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum	16	9.552
<b>Samtals</b>	<b>317</b>	<b>79.877</b>

Heimild: Lánsstraust, Hagfræðideild Landsbankans

## Greiðslugeta skulda hefur batnað eftir hrun

Skuldir greinarinnar jukust mikið frá lokum árs 2007 til loka árs 2008. Er það sterk vísending um að greinin hafi að miklu leyti verið fjármögnuð með lánsfé í erlendri mynt. Skuldir greinarinnar í árslok 2008 eins og þær mældust með þessum 317 kennitölum námu tæpum 92 ma. kr. og höfðu aukist um tæp 60% frá árslokum 2007. Á sama tíma hækkaði gengisvísitala krónunnar um 80%. Eftir hrun hefur hlutfallið milli þess sem undirliggjandi rekstur skilar og þeirrar skuldsetningar sem fyrirtækin búa við batnað í heild sinni, þ.e. hlutfallið heildarskuldir/heildar-EBITDA

hefur batnað eftir árið 2008. Fyrir ferðaþjónustuna í heild hefur þetta hlutfall lækkað úr 7,8 að meðaltali árin 2005 til 2007 í 5,9 að meðaltali árin 2009 til 2010. Hér er árinu 2008 sleppt til að skekkja ekki samanburðinn þar sem skuldahlutfallið var mjög óhagstætt í árslok 2008. Með því að sleppa því fæst betra mat á því hvaða áhrif gengisfallið hefur haft á þróun hlutfallsins. Ef horft er til þróunar á miðgildi skulda/EBITDA er staðan hins vegar verri eftir hrun. Árin 2009 og 2010 var meðaltalið 3 en 2,5 árin 2005 til 2007. Þrátt fyrir að hlutfallið hafi vaxið með hruninu er það hins vegar fremur lágt, þ.e. almennt séð hafa lánardrottinnar litlar áhyggjur af eignum

sínum í fyrirtækjum með svo lágt hlutfall skulda á móti EBITDA. Skuldir ferðaþjónustunnar hafa dregist saman um 21% milli árana 2008 og 2010. Að hluta má rekja þann samdrátt til þess að hluti erlendra lána var dæmdur ólöglegur og endurútreikningur á þeim fór fram.


## Eiginfjárstaðan neikvæð árin 2008 og 2009

Eiginfjárstaða ferðaþjónustunnar var jákvæð á árinu 2010 eftir að hafa verið neikvæð árin tvö þar á undan. Þar skiptir helst máli að skuldir greinarinnar jukust mjög með gengisfalli krónunnar á sama tíma og verðmæti eigna hækkaði

almennt minna eða stóð í stað. Skuldirnar drógust hins vegar saman bæði árin 2009 og 2010. Eiginfjárstaðan er hins vegar mjög mismunandi eftir atvinnugreinaflokkum og ýmist jákvæð eða neikvæð. Þannig var eiginfjárstaðan neikvæð um rúmlega 30% í flokkunum gisting og ferðaskipuleggjendur árið 2010 en jákvæð um 24% í flokkunum farþegaflutningar og ferðaskrifstofur. Sé horft til miðgildis eiginfjárstöðu lítur myndin verr út. Þannig var miðgildis eiginfjárhlutfallið neikvætt um 37% árið 2010. Það hafði þó batnað nokkuð frá því í lok árs 2008 þegar það var neikvætt um tæp 60%.


Mynd 12: EBITDA og skuldir/EBITDA íslenskrar ferðaþjónustu

Heimild: Lánstraust, Hagfræðideild Landsbankans



Mynd 13: Eiginfjárlutfall í íslenskri ferðaþjónustu

Heimild: Lánstraust, Hagfræðideild Landsbankans  
Eiginfjárlutfall (heild) er reiknað út frá hlutfallinu milli heildareiginfjár og heildarefnahags



### Mismunandi fjármögnun í ferðaþjónustu

Fjármögnun fyrirtækja í þessum fimm atvinnugreinum er eðlilega töluvert mismunandi. Eðli starfseminnar í flokkunum er misjafnlega fjármagnsfræk sem endurspeglast m.a. í eiginfjárlutfalli þeirra. Þannig eru fyrirtæki í flokknum ferðaskrifstofur almennt með hátt eiginfjárlutfall og stór hluti fjármögnunarinnar er eigið fé. Það kemur ekki á óvart þegar litið er til þess að greinin hefur fremur litla

fjármagnsþörf. Ferðaskrifstofa þarf fyrst og fremst tölvukerfi og húsnæði undir starfsmenn sína en slíkt er oft tekið á leigu. Annað gildir t.d. um hótélstarfsemi sem hefur mikla fjármagnsþörf a.m.k. fyrstu árin eftir að fjárfest er í gistirými.

### Arðsemi ferðaþjónustunnar betri eftir 2008

Þegar á heildina er litið bendir flest til þess að veiking krónunnar hafi styrkt verulega rekstrargrundvöll

íslenskrar ferðaþjónustu. Ekki verður heldur annað ráðið af tölunum hér að ofan en að arðsemi ferðaþjónustunnar verði að óbreyttu nokkuð betri á næstu árum en reyndin var framan af öldinni. Þannig hefur geta rekstrarins til að standa undir arðsemi fjármagnsins í greininni batnað, samanber lækkun skulda/EBITDA-hlutfallsins. Ársreikningar fyrirtækja fyrir árið 2011 liggja ekki fyrir. Miðað við 17,8% aukningu í fjölda ferðamanna milli ára var árið 2011 þó að öllum líkind-

um betra en árið á undan og því líklega besta rekstrarár í íslenskri ferðaþjónustu.

**Útgefandi:** Landsbankinn

**Ábyrgðarmaður:** Daníel Svavarsson

**Að skýrslunni unnu:** Gústaf Steingrímsson, Arnar Ingi Jónsson,  
Magnús Stefánsson og Daníel Svavarsson

**Upplag:** 1000

**Hönnun:** Jónsson & Le'macks

**Myndir:** Sigurður Eggertsson

**Prentun:** Prentmet

Innihald og form þeirra greininga sem birtast hér er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem þær voru unnar. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar þær eru dagsettar, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.



